

**Vatnsstaða Hitaveitu Svalbarðsstrandar í
ágúst 1983**

**Knútur Árnason
Axel Björnsson**

Vatnsstaða Hitaveitu Svalbarðsstrandar í ágúst 1983

1. Tvær holur hafa verið boraðar fyrir Hitaveitu Svalbarðsstrandar. Hóla 1 var boruð veturinn 1978-79 og varð hún 928 m djúp. Borun gekk frekar erfiðlega vegna þess að borinn festist og vegna brota á stöngum. Varð að skilja eftir allar álagsstangir borsins í botni holunnar. Vatnsrennsli úr holunni var í fyrstu um 8 l/s af 51°C heitu vatni en minnkaði fljótt í 6,5 l/s. Nú renna 5 l/s af 51°C heitu vatni úr holunni. Hóla 2 var boruð í 1709 m frá janúar til júní 1981 og hitti ekki á neinar verulegar vatnsæðar. Borunin gekk með eindæmum illa og brotnaði stangarlengjan sjö sinnum og olli það miklum töfum. Holan gefur nú um 1,5 l/s af 47°C heitu vatni.
2. Hitaveitan nýtir nú sjálfrennslið úr hólunni 1 til húshitunar, vatn úr hólunni 2 er einungis notað í sundlaug þar sem ekki er talið borga sig að nýta það til húshitunar. Eins og fram kemur í skýrslu Orkustofnunar "Jarðhitarannsóknir við Svalbarðseyri 1981-82 og tillögur um framhaldsrannsóknir" (K.Á. o.fl. 1983) er gert ráð fyrir að með djúpdælum megi fá um 8-10 l/s úr hólunni 1 og 5-6 l/s úr hólunni 2. Þetta mat er eingöngu byggt á loftdælingu úr holunum við lok borunnar og því nokkuð óvísst. Hugsanlegt er að báðar holurnar tengist að einhverju leiti sama vatnsleiðara. Áreiðanlegar tölur um vinnslugetu holanna er einugis hægt að fá með dæluþrófun eins og lagt er til í áðurnefndri skýrslu. Rétt er að benda á að frágangur hólunni 1 er slíkur að hæpið er að setja djúpdælu í hana þar sem hún er ekki fódruð nógu djúpt og hrun er í hólunni.
3. Af fenginni niðurstöðu frekari mælinga og reynslu af borunum við Svalbarðseyri og með hliðsjón af því hversu svæðið virðist jarðfræðilega flókið og fjárhagsstaða hitaveitunnar slæm telur Jarðhitadeild Orkustofnunar ekki rétt að leggja til áhættusama borun nýrrar vinnsluholu að svo stöddu.

Jarðhitadeild Orkustofnunar hefur að höfðu samráði við hitaveituna lagt til að rannsóknnum á svæðinu verði haldið áfram. Í áðurnefndri skýrslu eru settar fram tillögur um áframhaldandi rannsóknir ásamt kostnaðaráætlun.

Frekari viðnámsniðsmælingar, sem þar er stungið upp á, hafa þegar verið framkvæmdar en úrvinnsla þeirra bíður til fyrrihluta árs 1984.